



UMH21110084 FS: Umsókn frá Íslandshótelum

Bréf: Bréf

Málsnúmer: 2021120035

Málalyklar: 25.1.1 Hundahald - gæludýrahald - Leyfi

Eigandi skjals: Óskar Í. Sigurðsson

Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 08.12.2021

Dagsetning skjals: 29.11.2021

Upplýsingar um viðskiptavin:

Netfang: "Sigurbjörg Sæmundsdóttir"

<sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>

Notandi: "Sigurbjörg Sæmundsdóttir" <sigurbjorg.saemundsdottir@uar.is>

Dagsetning: 29.11.2021 13:50:18

Til: "Heilbrigðiseftirlit" </o=ExchangeLabs/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=6dbc074253674c069036bed52d2ace40-mbxheilbrig>

Afrit til: "Rósa Magnúsdóttir" <rosa.magnusdottir@reykjavik.is>

Efni: UMH21110084 FS: Umsókn frá Íslandshótelum

Meðfylgjandi erindi Íslandshótela, dags. 26. nóvember sl., er hér með sent heilbrigðisnefnd til umsagnar.

Í erindinu er sótt um undanþágu frá starfsleyfissskilyrðum og ákvæðum reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti. Ráðuneytið metur það svo að sótt sé um undanþágu frá ákvæði 19. gr. reglugerðar nr. 941/2002 um hollustuhætti og undanþágu frá starfsleyfi hvað varðar það ákvæði að óheimilt sé að fara með hunda inn á gististaði í flokki II, III og IV.

Sótt er um undanþágu fyrir 18 hótélum víðsvegar um landið.

Óskað er eftir umsögn Heilbrigðisnefndar Reykjavíkur um að hundar verði heimilaðir á eftirfarandi hótélum í Reykjavík:

1. Grand hótél, 105 Reykjavík
2. Hótél Reykjavík Centrum, 101 Reykjavík
3. Fossthótél Reykjavík, 105 Reykjavík
4. Fosshótél Rauðará, 105 Reykjavík
5. Fosshótél Lind, 105 Reykjavík
6. Fosshótél Baron, 101 Reykjavík
7. Hótél Reykjavík Saga, 101 Reykjavík

Óskað er eftir að umsögn nefndarinnar berist ráðuneytinu sem fyrst en eigi síðar en 13. desember nk.

Með kveðju,

SSæm

Notandi: "Guðný Ester Aðalsteinsdóttir" <gudnyester@fosshotel.is>
Dagsetning: 28.11.2021 22:12:14
Til: "Umhverfis- og auðlindaráðuneytið" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=aa1db9e6a678418a94b2fe92c36997b5-pumh>
Afrit til: "Davíð Torfi Ólafsson" <david@islandshotel.is>, "Hjörtur Valgeirsson" <hjortur@islandshotel.is>
Efni: Umsókn frá Íslandshótelum

Góðan daginn

Meðfylgjandi er umsókn Íslandshótela um undanpágu til að leyfa hundum að gista á hótelum fyrirtækisins. Vinsamlegast staðfestið móttöku.

Kær kveðja / Best regards

Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Hótelstýra | Hotel Manager
Sími / Telephone: (+354) 891 6204

(See attached file: *Umsókn Umhverfis-og auðlindar.Nov2021.pdf*)  - *Umsókn Umhverfis-og auðlindar.Nov2021.pdf*

Reykjavík 26. nóvember 2021

Umhverfis og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Efni: Tímabundin undanþága á starfsleyfiskilyrði fyrir gististaði, hótél sem byggð eru á lögum um nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Íslandshótél ehf. kt. 630169-2919 sækir um tímabundna undanþágu til tveggja ára, þ.e. til 1. janúar 2024, á starfsleyfiskilyrði fyrir gististaði, hótél (Samræmd starfsleyfiskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum), efnisatriði nr. 1.6 (Rg. 941 2002, 14 gr.), þar sem segir:

Hundum, köttum eða öðrum dýrum má ekki hleypa inn í húsrýmið, undanskyldir eru hjálparhundar fatlaðra.

Rökstuðningur: Íslandshótél sækir um tímabundna undanþágu á ofangreindri reglugerð á 18 hótélum fyrirtækisins til þess að koma betur til móts við þá ferðamenn sem eiga hunda og kjósa að gista á hótélum fyrirtækisins. Tímabundin undanþága frá fyrrnefndri reglugerð var veitt af Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í júní 2020 og gildi hún til 1. október 2020 á sjö hótélum fyrirtækisins. Í framhaldi af því var undanþágan framlengd til 1. janúar 2022 fyrir öll 17 hótél Íslandshótela. Þessi nýbreytni, þ.e. að leyfa hundum að gista með eigendum sínum, hefur reynst einkar vel á öllum hótélum fyrirtækisins og verið án allra vandkvæða. Alls hafa hundar dvalið í um 610 gistinætum sem sýnir að hundaeigendur hafa tekið þessari nýlundu fagnandi. Í ljósi fenginnar reynslu hefur Íslandshótél áhuga á því að koma áfram vel til móts við ferðamenn sem kjósa að gista á hótélum keðjunnar, sem verða orðin átján talsins á næsta ári, með því að bjóða áfram gistingu þar sem hundar eru leyfðir. Herbergi fyrir hundaeigendur eru á jarðhæð á flestum hótélanna, hægt verður að fara í öll herbergin án þess að koma nálægt veitingaaðstöðu og á sumum hótélunum er sérinngangur fyrir hundaeigendur.

Bókunarskilyrði fyrir hundaeigendur yrðu eftirfarandi:

- Taka skal fram við bókun að hundur fylgi, þar sem sérstökum herbergjum er úthlutað
- Hundar mega ekki vera á almenningssvæðum hótelsins
- Við inn- og útritun skal hundur bíða bundinn úti eða í bíl
- Hundar skulu vera í taumi á leið til/frá herbergi
- Hunda má ekki skilja eftir eina á herbergi
- Æskilegt er að hundar séu í búi inn á herbergi
- Hundar skulu vera vel siðaðir og hávaðalausir
- Við innritun er greitt 3.000 kr þjónustugjald fyrir herbergi á dag fyrir allt að tvo hunda
- Gestir bera ábyrgð á hundinum og mögulegum skemmdum og/eða meiðslum á fólki sem hundurinn kann að valda
- Verði ónæði af hundinum áskilja Íslandshótél sér rétt til að vísa honum og eigendum á dyr

Óskað er eftir undanþágu frá reglugerðinni á eftirfarandi 18 hótélum:

1)

Grand hótél
Sigtún 38
105 Reykjavík
Starfrækt frá árinu 1987.

Aðstæður á Grand hóteli: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum á fyrstu hæð í turni sem eru nr. 147, 149, 151 og 153. Komið er inn um aðalinngang inn til hægri við móttöku og gengið beint inn á gang og upp nokkrar tröppur.

2)

Hótél Reykjavík Centrum
Aðalstræti 16
101 Reykjavík
Starfrækt frá árinu 2005.

Aðstæður á Hótél Reykjavík Centrum: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 118, 119, 120, 121 og 122. Gengið er inn um aðalinnganginn, fram hjá móttökuborði og til vinstri, inn gestagang á fyrstu hæð.

3)

Fosshótél Reykjavík
Þórunnartúni 1
105 Reykjavík
Starfrækt frá árinu 2015

Aðstæður á Fosshótél Reykjavík: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 337, 339, 341, 343 og 345. Hægt er að komast að þeim með því að ganga stiga upp á þriðju hæð.

4)

Fosshótél Rauðará
Rauðarárstíg 37
105 Reykjavík
Starfrækt frá árinu 1992

Aðstæður á Fosshótél Rauðará: Hundar verða leyfðir í herbergjum nr. 20, 205, 212, 213, 214 og 217. Farið er í þessi herbergi upp stiga, bæði frá móttöku en einnig beint frá bílageymslu án þess að fara í gegnum móttökuna.

5)

Fosshótél Lind
Rauðarárstíg 18
105 Reykjavík
Starfrækt frá árinu 1986

Aðstæður á Fosshótél Lind: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 107, 109 (með svölum), 110, 114 og 112. Þau eru öll við enda á gang á 1. hæð, þar sem er neyðarútgangur og því hægt að nýta hann sem sérinngang.



6)

Fosshótel Baron
Barónsstíg 2-4
101 Reykjavík
Starfrækt frá árinu 1998

Aðstæður á Fosshótel Baron: Hundar verða eingöngu leyfðir á fyrstu hæð í herbergjum nr. 111, 112, 114 og 116. Hægt er að nota inngang að baka til, til þess að komast í þau herbergi (gengið inn frá portinu við Hverfisgötu) og því ekki þörf á að nota lyftu né stigagang.

7)

Fosshótel Hellnar
Hellnum
356 Snæfellsbæ
Starfrækt frá árinu 2000

Aðstæður á Fosshótel Hellnum: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 31, 32 og 33. Þau eru öll staðsett í sérhúsi en ekki í aðalbyggingunni þar sem veitingahúsið er. Herbergin eru öll þriggja manna, þannig að þau eru rúmgóð og með sérinngang.

8)

Fosshótel Hekla
Brjánsstöðum
805 Selfossi
Starfrækt frá árinu 2005

Aðstæður á Fosshótel Heklu: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum í kjallara sem eru nr. 1-12. Það er einnig sérútgangur.

9)

Fosshótel Reykholt
Reykholti
320 Borgarfjörður
Starfrækt frá árinu 2005

Aðstæður á Fosshótel Reykholti: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 006, 007, 008, 009 og 010 sem eru á jarðhæð. Þau eru öll með sér útgang út á verönd. Gengið er að þessum herbergjum strax til vinstri þegar komið er inn um aðalinngang.

10)

Fosshótel Stykkishólmur
Borgarbraut 8
340 Stykkishólmur
Starfrækt frá árinu 1970

Aðstæður á Fosshótel Stykkishólmi: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 142, 144, 146, 148, 150 og 152 sem eru öll á jarðhæð í vesturhluta byggingarinnar sem er með sérinngang og hægt að fara að herbergjum án þess að fara um móttökuna.



11)

Fosshótel Vestfirðir
Aðalstræti 100
340 Patreksfjörður
Starfrækt frá árinu 2013

Aðstæður á Fosshótel Vestfjörðum: Hundar verða eingöngu leyfðir á jarðhæð í herbergjum nr. 101, 103, 105 og 107. Sér hliðarinnangangur er að þessum herbergjum svo ekki þarf að fara um móttökuna.

12)

Fosshótel Húsavík
Ketilsbraut 22
640 Húsavík
Starfrækt frá árinu 1970

Aðstæður á Fosshótel Húsavík: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 135-146 sem eru á jarðhæð. Sérinnangangur frá bakhlið hótelsins er að þessum herbergjum svo ekki þarf að fara um móttökuna.

13)

Fosshótel Mývatn
Grímsstöðum
660 Mývatn
Starfrækt frá árinu 2017

Aðstæður á Fosshótel Mývatni: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 105 og 107. Þau eru staðsett á jarðhæð og eru með eigin svalahurðum þannig að hægt að fara að þessum herbergjum án þess að fara í gegnum móttöku.

14)

Fosshótel Austfirðir
Hafnargötu 11-144
750 Fáskrúðsfjörður
Starfrækt frá árinu 2014

Aðstæður á Fosshótel Austfjörðum: Hótelið samanstendur af nokkrum húsum og verða hundar einungis leyfðir í svokölluðu Sjúkraskýli og Læknahúsi en herbergin þar eru nr. 3101, 3102, 3201, 3202, 1101, 1102, 1103, 1104, 1105. Sérinnangangur er í þessi tvö hús en veitingasalur hótelsins er í öðru húsi.

15)

Fosshótel Vatnajökull
Lindarbakka
781 Höfn
Starfrækt frá árinu 1996

Aðstæður á Fosshótel Vatnajökli: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum í kjallara nr. 001, 003, 005, 007, 009, 011, 013, 015, 017 og 019 (DLX herbergi og ein svíta). Gengið er í



herbergin úr móttöku, niður stiga eða lyftu. Þau eru öll með svalahurð svo það er hægt að fara í herbergin með hunda án þess að fara í gegnum móttökuna.

16)

Fosshótel Jökulsárlón
Hnappavöllum
785 Öræfum
Starfrækt frá árinu 2016

Aðstæður á Fosshótel Jökulsárlóni: Hundar verða eingöngu leyfðir í sex jarðhæðarherbergjum nr. 26, 28, 30, 32, 34 og 36 sem eru með sér inngangi af verönd beint inn í herbergin.

17)

Fosshótel Núpar
Núpum
881 Kirkjubæjarklaustri
Starfrækt frá árinu 2006

Aðstæður á Fosshótel Núpum: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum nr. 1 – 10. Þau eru öll í norðurálmú, og eru með litlum pall og snúa að bílastæðum, þannig að hægt er að fara með hunda beint inn í herbergin án þess að fara í gegnum móttökuna.

18)

Hótel Reykjavík Saga
Lækjargata 10
101 Reykjavík
Starfrækt frá árinu 2022

Aðstæður á Hótel Reykjavík Saga: Hundar verða eingöngu leyfðir í herbergjum á fyrstu hæð sem eru nr. 101, 102, 103, 104 og 105. Komið er inn um aðalinngang, inn til vinstri við móttöku og gengið beint inn á gang og upp nokkrar tröppur og yfir í byggingu í Vonarstræti.

Með von um jákvæðar undirtektir.

Virðingarfyllst,
Dávíð Torfi Ólafsson
Framkvæmdastjóri Íslandshótela

Íslandshótel hf.

Kt. 630169-2919



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið
Skuggasundi 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. desember 2021
Tilvísun: 2021120035

Efni: Svar við umsagnabeiðni Umhverfis og auðlindaráðuneytis dags 29. nóvember 2021 um umsókn Íslandshótels ehf. um tímabundna undanþágu á starfsleyfisskilyrðum fyrir gististaði, hótél.

Erindi Íslandshótels ehf. varðar beiðni um að takmarkaður fjöldi gesta fái að hafa með sér hunda þegar þeir dvelja á 18 hótélum þess víðs vegar um landið.

Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur er beðin um umsögn er varða eftirfarandi hótél í Reykjavík:

1. Grand hótél, Sigtúni 38. 105 Reykjavík
2. Hótél Reykjavík Centrum, Aðalstræti 16. 101 Reykjavík
3. Fosshótél Reykjavík, Þórunnartúni 1. 105 Reykjavík
4. Fosshótél Rauðará, Rauðarárstíg 37. 105 Reykjavík
5. Fosshótél Lind, Rauðarárstígur 18. 105 Reykjavík
6. Fosshótél Baron, Barónsstíg 2-4. 101 Reykjavík
7. Hótél Reykjavík Saga, Lækjargötu 10. 101 Reykjavík

Með umsagnarbeiðninni fylgdi með erindi fyrirtækisins þar sem lýst er hvaða skilyrði eru sett varðandi hundahald á hótélum Íslandshótela um allt land.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við erindið en bendir á eftirfarandi atriði sem það leggur til að hótelið þurfi að uppfylla verði undanþága veitt:

- Mikilvægt er að hótelið fylgi eftir skilyrðum sem tilgreind eru í erindinu
- Þrifaáætlun hótelsins þarf að taka mið af því að hundar séu leyfðir í hluta hótelsins og tryggt að framkvæmd þrifa séu í samræmi við hana.
- Í markaðssetningu hótelsins, sem og á heimasíðum þess komi fram að hundar séu leyfðir í takmörkuðum hluta hótelsins svo gestir geti tekið upplýsta ákvörðun áður en þeir panta gistingu.
- Aðrir gestir séu upplýstir um að það hundar séu leyfðir á hótelinu á sýnilegan hátt við innganga þess.
- Hótelið er ábyrgt gagnvart öðrum gestum valdi hundur skaða á þeim eða eigum þeirra.
- Tryggja þarf að ekki sé verið að fara með hunda um hótelið nema stystu leið á herbergi og þeir sé hafðir þar og að ekki sé verið að fara með þá annað um hótelið.

Þá bendir Heilbrigðiseftirlitið á að samkvæmt samþykkt um hundahald í Reykjavík. nr. 478/2012 er kveðið á um að ábyrgðarmaður hunds skuli hafi náð 18 ára aldri. Hann ber ábyrgð á hreinlæti í tengslum við hundinn og ber að hreinsa upp eftir hann sé þörf á því og að grípa til aðgerða sé þess þörf til að tryggja öryggi annara gesta eða hunds. Hundur má aldrei vera laus.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur



Aron Jóhannsson
heilbrigðisfulltrúi